

## Lög Kjördæmisráðs Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs í Suðurkjördæmi

### 1. gr.

Ráðið heitir Kjördæmisráð Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs í Suðurkjördæmi. Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns á hverjum tíma.

### 2. gr.

Aðild að ráðinu eiga Svæðisfélög Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs í kjördæminu. Ráðið starfar samkvæmt lögum og markmiðum Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs og vinnur að framgangi stefnu og markmiða flokksins á félagssvæðinu, samræmir flokksstarf og sinnir öðrum verkefnum sem því eru falin.

### 3. gr.

Ráðið skipa fulltrúar svæðisfélaganna, kjörnir á almennum fundi, einn fyrir hverja fimm félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, og allt að jafnmargir til vara.

### 4. gr.

Aðalfund kjördæmisráðs skal halda árlega í upphafi árs, eigi síðar en 15. mars, og boða hann svæðisfélagunum með minnst 3ja vikna fyrirvara. Stjórn kjördæmisráðs boðar aukafundi í ráðinu ef þörf krefur og einnig skal boða til fundar ef þriðjungur svæðisfélaganna eða kjörinna fulltrúa þeirra óska þess.

### 5. gr.

Aðalfundur kýs ráðinu stjórn til eins árs í senn. Skipa hana einn fulltrúi frá hverju svæðisfélagi. Tilnefningar skulu berast stjórn tveimur vikum fyrir aðalfund. Formaður skal auk þess kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og velur sér varaformann, gjaldkera og ritara. Þá kýs aðalfundur tvo skoðunarmenn reikninga. Reikningsár kjördæmisráðs er almanaksárið.

### 6. gr.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt.
3. Ársreikningar fyrir sl. starfsár lagðir fram og afgreiddir.
4. Ákvörðun um árgjald.
5. Lagabreytingar ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
8. Kosning nefnda eftir því sem við á.
9. Önnur mál.

7. gr.

Kjördæmisráð undirbýr og afgreiðir framboð flokksins til Alþingis. Ráðið getur skipað sérstaka uppstillingarnefnd eða falið stjórn að annast það hlutverk. Framboðslisti Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs í kjördæminu skal borinn undir fund kjördæmisráðs sem til er boðað eigi síðar en tveimur vikum áður en framboðsfrestur rennur út.

8. gr.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi og með 2/3 hluta atkvæða. Tillögur til breytinga á lögnum skulu sendar 2 vikum fyrir aðalfund til stjórnar kjördæmisráðs sem kynnir þær félögum.